



Skipulagsnefnd Skaftárhrepps Fundargerð

Fundur nr.121 haldinn á skrifstofu Skaftárhrepps Klausturvegi 10, þriðjudaginn 8.nóvember 2016 klukkan 15:00. Mætt eru til fundar Davíð Andri Agnarsson, Jóhannes Gissurarson, Guðbrandur Magnússon, Bjarki Guðnason og Vigfús Þór Hróbjartsson Skipulags og byggingarfulltrúi. Kristbjörg Hilmarsdóttir boðar forföll, í hennar stað er mættur Gústaf Pálsson.

Dagskrá:

Þrjú mál bætast við áður auglýsta dagskrá með leyfi nefndarmanna. Mál nr.3 aðalskipulagsbreyting vegna Tungu, mál nr.4 samþykkt á breyttu deiliskipulagi Botnum eftir auglýsingu og mál nr.5 Selhólavegur 10 – beiðni vegna lögheimils.

Ekki er gerð athugasemd við breytta dagskrá.

Skipulagsmál:

Gústaf vîkur af fundi við afgreiðslu málsins.

1. Iðjuvellir – Beiðni um breytingu á aðalskipulagi

Árni Collett fh. hugsanlegra kaupenda Iðjuvalla 3 óskar eftir því skipulagsnefnd og sveitarstjórn Skaftárhrepps að unnin verði lýsing aðalskipulagsbreytingar vegna svæðis í kringum Iðjuvelli 3. Um er að ræða breytingu á athafnasvæði í verslunar og þjónustusvæði núverandi svæði V-6 stækki sem nemur lóð Iðjuvalla 3.

Nefndin gerir ekki athugasemdir við að unnin verði lýsing aðalskipulagsbreytingar vegna lóðar Iðjuvalla 3. Slíkt verði unnið í samráði við núverandi eiganda hússins og hugsanlega kaupendur. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að vinna málið áfram.

Gústaf mætir aftur til fundar.

2. Syðri Steinsmýri – Byggingarleyfi

Jón Hrafn Karlsson sækir um byggingarleyfi fyrir byggingu íbúðarhúss að Syðri-Steinsmýri í Meðallandi. Um er að ræða alls 259,8 m² íbúðarhús með bílskúr samkv. framlögðum teikningum.

Byggingaráform samþykkt með fyrirvara um samþykki ríkseigna. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

3. Tunga – Breyting á aðalskipulagi

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var samþykkt á fundi nefndarinnar í ágúst. Lögð er fram tillaga að aðalskipulagsbreytingu vegna uppbyggingar ferðaþjónustu innan jarðarinnar Tungu. Viðfangsefni breytingarinnar er nýtt verslunar –og þjónustusvæði. Gert er ráð fyrir 50 herbergja hóteli á tveimur hæðum, starfsmannahúsum og

sögusafni. Lögð er áhersla á tenginu fiskeldis við starfsemina. Samhliða aðalskipulagsbreytingu hefur verið unnin deiliskipulagstillaga.

Samþykkt. Nefndin mælist til þess að málið verði auglýst í samr. Við 31.gr. skipulagslaga að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunnar. Skipulagsfulltrúa falið að ljúka málinu.

4. Botnar – Breyting á deiliskipulagi.

Unnin var breyting á gildandi deiliskipulagi Botna í Skaftárhreppi. Tillagan var auglýst frá 30.júní - 12.ágúst. Umsagnir bárust frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun og Umhverfisstofnun. Engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma.

Samþykkt. Nefndin mælist til þess að skipulagið taki gildi með birtingu í B-deild stjórnartíðinda.

Davið vikur af fundi.

5. Selhólavegur 10 – Beiðni vegna lögheimilis

Erla Ósk Sigurðardóttir og Kristján Sumarliði Guðmundsson hafa sent inn meðfylgjandi beiðni er varðar skráningu lögheimil að Selhólavegi 10. Lagt fyrir nefndina til umsagnar.

Nefndin mælist til þess að skipulagsferlið verði klárað áður en notkun lóðarinnar er breytt.

Davið mætir aftur til fundar

Ekki fleira gert. Fundi slitið kl.16:05